

11. júní 2022

Síldarvinnslan hf.  
Hafnarbraut 6  
740 Norðfjörður

**Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Síldarvinnsluna hf. að Hafnarnaust 6, 740 Norðfjörður**

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur fiskvinnslu og frystigeymslu að Hafnarnaust 6 á Norðfirði barst 15.7.2021. Umsækjandi er Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 13. maí sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 10. júní 2022.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi